Hreppsnefnd

203. fundur 08. október 2019 kl. 16:00 - 21:16 stóra fundarsal m. skjá

Nefndarmenn

- Karl Magnús Kristjánsson oddviti
- Sigríður Klara Árnadóttir varaoddviti
- Regína Hansen Guðbjörnsdóttir ritari
- Guðný Guðrún Ívarsdóttir nefndarmaður
- Þórarinn Jónsson nefndarmaður

Fundargerð ritaði: Regína Hansen Guðbjörnsdóttir Ritari

Dagskrá

Kristinn Bjarnason lögmaður frá Lagastoð kemur á fundinn kl. 16:04

1.Nýja-Kot, breytt nýting húss.

1908043

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar frá 29. ágúst 2019 um að samþykkja að breyta landnotkun Púfukots 4, Nýjakot lnr. 213977 úr sumarbústaðalóð í íbúðarhúsalóð með þeim áskilnaði og fyrirvara að afhentur verði hnitsettur uppdráttur af spildunni og fyrir liggi staðfesting byggingarfulltrúa á að hús það sem á henni stendur uppfylli skilyrði laga og reglugerða til að verða samþykkt sem íbúðarhúsnæði.

Samþykkt á 203 fundi hreppsnefndar með þremur atkvæðum, einn situr hjá og einn hafnar.

Kristinn Bjarnason lögmaður yfirgefur fundinn kl: 17:19

2.Þorláksstaðavegur - Tillaga að breytingu deiliskipulags.

1908042

Samþykkt á 203. fundi hreppsnefndar í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 22/2010.

3.Skipulags- og byggingarnefnd - Nefndarmenn

1908038

Oddviti leggur fram eftirfarandi tillögu að aðalmönnum í skipulags- og byggingarnefnd.

Maríannna Hugrún Helgadóttir

Magnús Kristmannsson

Elís Guðmundsson

Varamenn:

1. Þórarinn Jónsson

2. Davíð Örn Guðmundsson
3. Sigríður Klara Árnadóttir

Tillagan samþykkt á 203 fundi hreppsnefndar.

4.Gjaldskrár 2020

1909018

Drög að gjaldskrá lögð fram á 203. fundi hreppsnefndar.

5.Útsvar og álagning 2020

1909019

Drög að álagningu lögð fram á 203. fundi hreppsnefndar.

6.Viðauki við fjárhagsáætlun 2019

1910002

Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2019 um 19.4 mkr. þessum útgjaldaviðauka verður mætt með rekstrarafgangi í áætlun ársins sem er 30.8 mkr.

Viðaukinn samþykktur á 203. fundi hreppsnefndar.

7.Vísitölubreyting launa sveitarstjóra

1910008

Á fundi nr. 182 þann 28. júní 2018 samþykkti hreppsnefnd að framvegis skuli breytingar á launum til sveitarstjórnar og nefnda fylgja launavísitölu opinbera starfsmanna og breytast 1. júlí ár hvert miðað við vísitölu 1. mars á undan.

Hreppsnefnd samþykkir á 203. fundi að sama skuli gilda um laun sveitarstjóra.

8.Greiðslur til sveitarstjórnar vegna ferðakostnaðar utan sveitar

1910009

Vísað er til 25. greinar samþykktar um stjórn Kjósarhrepps.
Sæki fulltrúi sveitarstjórnar eða nefndar, fundi, námskeið eða ráðstefnur utan Kjósarhrepps með samþykki oddvita skal viðkomandi fá greiddan ferðakostnað og útlagðan kostnað vegna erindisins. Að auki skal greiða 2% af viðmiðunarfjárhæð nefndagreiðsla fyrir hvern dag.

Fyrirkomulagið samþykkt á 203. fundi hreppsnefndar.

9.Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins

1910010

Oddviti gerir tillögu að bókun:

Fram eru komnar athugasemdir frá sveitarstjórnarráðuneytinu við samþykkt um stjórn Kjósarhrepps. Lúta þær að ákvæðum um framsal fullnaðarafgreiðslu til annars vegar nefnda og hins vegar starfsmanna.

Samþykkt á 203. fundi hreppsnefndar að fela oddvita að ganga frá endurskoðun á samþykktunum í samræmi við fram komnar athugasemdir og tillögur ráðuneytisins.

10.Samkeppnisrekstur opinberra aðila

1909021

Samþykkt á 203. fundi hreppsnefndar að fela oddvita að svara ráðuneytinu.

11.Fundargerð - Skipulags- og byggingarnefnd

1910011

Byggingarmál. Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt á 203. fundi hreppsnefndar.

12.8. fundur Samgöngu- og fjarskiptanefndar

1910012

13.13. fundur Félags-,æskulýðs- og jafnréttisnefndar

1910013

Hreppsnefnd staðfestir fyrir sitt leyti samþykktina á 203. fundi um notendaráð fatlaðs fólks.

14.20. fundur viðburða- og mennningarmálanefndar

1910014

15.Fundargerðir heilbrigðiseftirlis 2019

1902009

Kartín Cýrusdóttir kemur á fundinn kl. 17:21

16.Samstarfsvettvangur sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál

1906003

Katrín Cýrusdóttir og Þórarinn Jónsson fulltrúar í samstarfsvettvangi sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál kynntu fyrir hreppsnefnd starfið og næstu skref.

Samþykkt á 203. fundi hreppsnefndar að undirrita samstarfsyfirlýsingu um samstarfsvettvang sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál.
Katrín Cýrusdóttir yfirgefur fundinn kl: 18:09

17.Innkaup Kjósarhrepps

1909025

Samþykkt á 203.fundi hreppsnefndar að fela RHG að klára útfærslu á reglunum.

18.Leiðarljós ehf 2019. Sex mánaða uppgjör

1910003

19.Kjósarveitur ehf 2019. Sex mánaðauppgjör

1910004

20.Sorphirðumál

1910005

KMK upplýsti um stöðu mála varðandi sorpflokkun, starfsmannamál og undirbúning á dreifingu tunnu undir plast.

Samþykkt á 203. fundi hreppsnefndar að fela Oddvita að koma stefnumótun í farveg í samráði við umhverfisnefndina. Einnig var samþykkt að skipuleggja kynningarfundi um flokkun sorps.

21.Öryggismál

1910006

KMK upplýsti um að slökkviliðið hefði lagt til að vagninn yrði fluttur í umsjón björgunarsveitarinnar Kjalar á Kjalarnesi. Upplýst var á fundinum að enn væri ekki búið að flytja vagninn.

KMK hyggst láta setja upp kassa við Ásgarð fyrir hjartastuðtæki.

22.Skipurit Kjósarhrepps

1910007

Umræða um drög að skipuriti útfrá málaflokkum.

23.Aukalandsþing SÍSv

1908032

Umræða um aukalandsþingið.

Samþykkt á 203. fundi hreppsnefndar að hafa íbúafund um framtíðarskipulag sveitarfélaga í byrjun næsta árs.

24.Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2019

1909020

Fulltrúar sveitarfélagsins sem sóttu ráðstefnuna gerðu grein fyrir helstu málum.

25.Minningargarður óháð trúfélagi

1909032

26.Ársskýsla Persónuvendar 2018

1909016

27.Fundargerð 874. fundar stjórnar sambandsins

1910015

28.Fundargerðir SSH 2019

1901007

Fundi slitið - kl. 21:16.